

SNÚÐA SÖNGBÓK

Landsmóts skáta 2024



- Auglýsing -

EKKI KAUPA SCARPA GÖNGUSKÓ

NEMA ÞÚ ÆTLIR ÞÉR AÐ NOTA ÞÁ Í
MÖRG ÁR OG HUGSA VEL UM ÞÁ



RIBELLE HD
FRAMTÍÐIN Í GÖNGUSKÓM



SNÚÐA SÖNGBÓK

Landsmót skáta 2024



Nafn

Á þessa bók 😎

Sveit

Félag

Tannbusta
litur

Símanúmer



EFNISYFIRLIT

Formáli/Preface	3	Komdu með	29
Íslensk-Ensk skátaorðabók (Icelandic-English Scout-Vocab dictionary)	5	Ópekkir skátar	31
Trönubýggingar/Pioneering	7	Út í veröld bjarta	33
Gítargrip/Guitar chords	9	Upp til fjalla	34
-----Lög/Songs-----		Er röðull rennur	35
Þi ég hér	11	Enn við reisum tjöld	36
Ef gangan er erfið	13	Fram í heiðanna ró	37
Reisum okkar rekkatjöld	15	Með sól í hjarta	39
Hvar er grauturinn?	16	Hugsjón þína háa	40
Hæ meiri söng	17	Undraland	41
Félagalagið	19	Wonderland	42
Skátafól	21	Bræðralagssöngurinn	43
Skátanörd	23	-----Lok bókar-----	
Á Vormóti	25	5 mínútur foringjans	44
Sjá vetur karl	27	Minnispunktar/Undirskriftanir	45
Útilega erfið verður löngum	28	Nýjir söngvar	49

FORMÁLI

Þegar við fengum hugmynd um að gefa út söngbók fyrir landsmót, var ekki aftur snúið. Okkur fannst tilvalið að setja hingað söngva sem eru minna þekktir í stað þeirra sem eru alltaf sungnir. Því er hér blanda af gömlum/gleymdum söngvum, og nýju frumsömdu efni.

Fyrir neðan hvern söng er QR kóði sem leiðir þig að frekari upplýsingum um þann söng og upptöku af söngnum.

Á undan söngvunum er hægt að finna nytsamlegar upplýsingar um trönubyggingar, þýðingar á skátaorðum og gítarleik. Með útgáfu þessarar bókar viljum við einnig hvetja þig til þess að semja skátasöngva, það er ekkert mál. Byrjaðu bara að semja :)

PREFACE

Hello! Welcome to the Icelandic National Jamboree!

This booklet is an unofficial passion project, created by fellow scouts, consisting of: Icelandic and English scout songs (only 1 english song), fun pioneering ideas, guitar chords, and of course an Icelandic to English scout vocabulary dictionary.

The QR codes found throughout the booklet take you to extra information about the different topics (primarily, recordings of the songs to practice along with) Unfortunately, we can not provide full English translations for the booklet but google translate works just fine most of the time.

Enjoy your stay at Úlfljótsvatn and have a good Jamboree!



PDF AF BÖKINI

Ritstjórn:

Helgi Þórir Sigurðsson

Högni Gylfason

Söfnun efnis:

Högni Gylfason

Helgi Þórir Sigurðsson

Prófarkalestur:

Gylfi Hafsteinsson

Alice Main

Elí Hrönn Hákonar

Pjetur (með joði) Már Hjaltason

Styrktaraðilar:

Bandalag íslenskra skáta

Fjallakofinn ehf.

Útlit og umbrot:

Helgi Þórir Sigurðsson

Prentun:

Litla Prent

Þakkir:

Úlfur Kvaran

Huldar Hlynson

Reykjavík í janúar 2024

Skátakveðja – Helgi Þórir Sigurðsson og Högni Gylfason



Eithverjar spurningar/pælingar? Skjóttu á okkur! :)

Instagram: rsnudur

Gmail: rsnudurr@gmail.com

SKÁTA-ORÐAFORÐI

Ertu að tala við útlenskan skátavin þinn og ert ekki viss um hvað skátaorð eru á ensku? Þá ekkert stress, kíktu bara hingað :)

- Bandalag = Association/NSO
- Félag = Group/Scoutcorp
- Sveit = Troop/Unit
- Flokkur = Patrol

- Drekaskáti (7-9) = Cubscout
- Fálkar, Drótt (10-15) = Scout
- Rekkar (16-18) = Explorer
- Roverskáti (19-25) = Rover
- Aldursbil = Age groups

- Aðstoðarforingi = Assistant Scoutleader
- Sveitarforingi = Scoutleader
- Félagsforingi = Groupleader
- Mótsstjóri = Camp Chief
- Starfsmaður á móti = IST (international service team)

- Skátamót = Jamboree
- Landsmót = National Jamboree
- Viðburður = Camp/Event
- Útilega = Camp out

- Skátamiðstöð = Scout center
- Skátaskáli = Scout cabin/lodge
- Skátaheimili = Scout House/quarter/hut




Orðið "Troop" er frekar erfitt. Oft t.d í Bandaríkjunum kalla þau það sem við skiljum sem Félög, Troops. En í raun og veru eru það ekki félög, heldur sjálfstæðar sveitir sem vinna ekki undir neinu félagi. Þessar sveitir "Troops" geta samt enn hafið stjórn, aldursbil og allt sem Félög hafa. Þetta er gott að hafa í huga :)

- Merki = Badge
- Færnimerki = Merrit badge/interest badge
- Næla = Pin
- Gilwell merki = Wood badge
- Skátabúningur = Scout uniform
- Skátaskirta = Scout shirt
- Skátaheiti = Scout promise
- Skátahnútur (fyrir klút) = Woggle
- Skátaklútur = Necker/Scarf/Neckie/Neckercheif
- Skátalögin = Scout law
- Prímus = Stove
- Tjaldhæll = Peg
- Sjúkratjald = Medical tent
- Stag = Guyline
- Að tjalda = To pitch a tent
- Að fella tjald = To strike a tent
- Binding = Binding/Lashing
- Súrringar = Pioneering
- Trönur = Pioneering poles
- Tvífótur = A-Frame
- Þrífótur = Tripod
- Áttuhnútur = Figure-eight knot
- Fánahnútur = Sheet bend
- Hestahnútur = Clove hitch
- Pelastik = Bowline
- Réttur hnútur = Square knot
- Vinahnútur = Friendship knot




Það er frekar erfitt líka að þýða orðin fyrir aldursbilin því þau eru mismunandi í hverju landi.

HUGMYNDIR FYRIR TRÖNUBYGGINGAR





Valslöngva ✨

Kúl hlið 😎



Bók um TRÖNUBYGGINGAR
„PIONEERING“ EFTIR GILCRAFT


















Stóll og borð 🪑

Fljúgandi fánastöng 🤯

Brú sem þarf engin bönd í 🤯



GÍTARGRIP



FLEÝRI HLJÖMAR



Að spila á gítar þarf ekki að vera flókið.

Fyrir flesta skátasöngva þarf bara þrjú grip. Það fer eftir tóntegundum hvaða þrjá hljóma, en yfirleitt eru skátasöngvar spilaðir með C, G og F.

Ritstjórn þessarar bókar mælir með að þú prófir að spila bara C og G. Með C og G getur þú spilað Daram Dam Daram, Enn við reisum tjöld, Ömmu lagið (félagalagið), Allir skátar hafa bólu á nefinu, Á ÚSÚ er hopp og hí og margt fleira.

Í mörgum lögum eru sjöundir (t.d C -> C7). Þessir hljómar eru í raun eins og krydd. Þeir eru ekki nauðsynlegir, en maturinn er betri með þeim.

Þið takið kannski eftir því að hljómurinn F lítur dálítið skringilega út. Svona grip er kallað þvergrip. Þá tekurðu vísifingur og leggur hann yfir alla strengina. Þetta getur verið erfitt í fyrstu en hljómurinn batnar með æfinguni.

Mælt er með að ekkert vera að spá í strömm tækni þegar þú ert að byrja, frekar bara hugsa um hljómaganginn.



GULUR=VÍSIFINGUR

RAUDUR=LANGATÖNG

GRÆNN=BAUGFINGUR

FJÖLUBLÁR=LITLIFINGUR



Auka punktur:

Ef þú veist ekki hvað orðið: „tóntegund“ þýðir þá geturðu alveg sleppt því að þæla í því. (eða að sjálfsögðu spyrja einhvern sem þú þekkir sem kann á eitthvað hljóðfæri (þarf ekki að vera gítar)).

ÐI ÉG HÉR

Lag: Ði ég hér | Dagur Sverrisson & Högni Gylfason
Texti: Dagur Sverrisson & Högni Gylfason


Eitt sinn ég gisti tjaldi í
Ði ég hér?

Við stórt blátt vatn og grænan skóg
Þar var alltof mikið mý
Ði ég hér?
Ég var búinn að fá nóg

Viðlag: Á landsmót
Um sumar
Hittumst
Hérna aftur
Á landsmót
Um sumar
Skáta
Ði ég hér?



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR



Gengum stóra fjallið á
Þi ég hér?
Enginn man nú hvað það hét
Gerum allt sem gera má
Þi ég hér?
Sláum kannski íslandsmet

Viðlag:

Sama hvernig lífið fer
Þi ég hér?
Það var gaman hér í dag
En hvernig endaði ég hér
Þi ég hér?
Að syngja þetta langa lag?

Viðlag:

12

Skáta staðreynd:

Þi ég hér var samið sem mögulegur mótssöngur
landsmóts 2024.

Þi ég hér var líka upprunlega spaug.


EF GANGAN ER ERFIÐ

Lag: Spillemandsvisen | Holger Sjödén

Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Ef gangan er erfið og leiðin er löng,
vér léttum oss sporið með þessum söng.
Ef þung reynist byrgðin og brekkan er há,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt.
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís,
brosum, þá er sigur vís.




13



SJÁ LAGLIÐU OG HLJÓMA HÉR





Og enginn er verri þótt vökni í gegn,
og vitaskuld fáum við steypiregn.
En látum ei armæðu á okkur fá,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt.
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís,
brosum, þá er sigur vís.



Skáta staðreynd:

Mótsöngur Landsmóts árið 1977 notaði þessa laglínu. Sá texti heitir „Við leiki og störf“ og er um landsmótslífið á Úlfjótavatni.

REISUM OKKAR REKKATJÖLD

Lag: *Down by The Riverside* | Amerískt Þjóðlag

Texti: Pálmar Ólason

Viðlag: Við reisum okkar rekkatjöld
rétt við árbakkann, rétt við árbakkann,
rétt við árbakkann.

Við reisum okkar rekkatjöld
rétt við árbakkann, rétt við árbakkann.

Við kveikjum kátan eld
um kyrrlát sumarkveld
og gleðjum okkar geð.
Í augum oss má sjá
æskufjör og þrá
eftir allt sem hérna hefur skeð.

Viðlag:



15



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÖMA HÉR

HVAR ER GRAUTURINN?

Lag: Hvar er Draumurinn | Sálin hans Jóns míns
Texti: Högni Gylfason


Mætum seint í Úlfljótsvatnsskála,
öll við skálann skoðum grant.
Vöknum snemma og förum til mála,
brauðið er gott en ég undra samt?

Viðlag: Hvar er grautturinn?
Fer ég nú svangur út í dagskrá?
Hvar er grautturinn
Fóru allir hafrar út í Fossá?



Í hafragraut er uppskriftin einföld,
einn af höfrum, vatnið tvo.
Gerum uppskrift svo hún sé níföld.
Höfrum og vatni við blöndum svo.

:Viðlag:



SJÁ LAGLINU OG HLJÓMA HÉR

Sturluð staðreynd:

Þessi texti var saminn í félagsútilegu
Ægisbúa árið 2023 vegna þess að þar
var enginn grauttur!

HÆ - MEIRI SÖNG OG MEIRA YNDI

Lag: *Blaze Away* | Abe Holzmann
Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Viðlag: Hæ - meiri söng og meira yndi,
meira táp og meira fjör.

Meira störf með ljúfu lyndi,
meira líf og oftár hlýlegt bros á vör.

Stöndum öll und einu merki,
stuðlum öll að einu verki,
þá rís landsins stóri sterki,
stofn með nýjum glæsibrag.



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR




Vinum því Íslandi allt er við megum
og eflum þjóðarhag,
færum því dýrustu fórn er við eigum
að fótum sérhvern dag.
Vinnum því Íslandi allt er við megum
og eflum þjóðarhag.
Við skátar hér, þið skáta þar,
við skátar alls staðar.

Viðlag:

FÉLAGA ~~ÖMNU~~ LAGIÐ

Lag: Iko Iko | Rolf Harris
Texti: Rs. Snúður & Sædís Ósk Helgadóttir

Garðbúi og Garðbúi
fara í Lækjabotna,
vígja þar í hellinum,
og fá sér kakóbolla.



Viðlag: Talandi um
heyvél, heyvél! heyvél, heyvél!
Bagg' og heybyndivél, ó óhh ó
Talandi um sveitamenningu
í skátunum skemmti ég mér



Víflarnir í Garðabæ,
byggja nýjann skála.
Ekki má þar flytja inn
því eldi þarf að kála

Viðlag:



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR

Klakkur skíðar upp á fjall,
á þingi eru róttæk,
borð' of mikið grauta mall
og tala bara um Íshæk



Viðlag:

Vormóts óðir Hraunbúar
blása upp stóru tjöldin,
með hátalara mæt' á mót
og mikill er mannfjöldinn



Viðlag:

Faxi er fastur út á sjó,
bíða eftir Herjólf,
mæta seint á skátamót,
og far' aftur í Herjólf



Viðlag:

20

Áskorun:

Búðu til þitt eigið erindi af Ömmulaginu um félag, sveit eða jafnvel flokkin þinn og sentu á okkur: *rssnudur* á instagram
Hver veit, kanski kemur það fram í seinni bókum



SKÁTAFÓL

Lag: Fatlafól | Megas
Texti: Guðmundur Pálsson

Ég þekkti eitt sinn skátafól,
sem arkaði um dal og hól,
með sveitta sokka' og klifurskó á fótum.
Hann ætlaði' í rosa hæk,
hann hafði jú þennan göngukæk,
sem hrjáir margan Íslending
sem orðinn er skáti.

Skátafól! skátafól!
Arkaði um jöklana þar til hann kól.
Missti þar allar sínar tær,
nú þarf hann ekk' að snyrta þær,
lýsti þó yfir er í bæinn kom;
„Ég ætla sko aftur!”



21



SJÁ LAGLINU OG HLJÓMA HÉR



Ég þekkti eitt sinn skátafrík,
sem vildi fara' í „vinterkrieg“
með basúcku og skátahatt á höfði.
Hann vildi hefja svaka stríð
við pönkara og annan lýð
sem hangir niður á Hlemmi og veslast upp
með gasbrúsa' í nefi

Skátafrík!, skátafrík!
Ætti bara' að koma með í Borgarvík
taka með sér alla pönkara
og losa þá við gasbrúsa.
Kenna þeim á áttavita, kveikja eld
og fáeina hnúta.





SKÁTANÖRD

Lag: Hvar er Guðmundur | Jóhann P. Jóhannsson
Texti: Danni & Krissi

Ég á gönguskó, áttavita og tefur.
Lyktin af varðeldi er minn uppáhalds þefur.
Ég fer í fjallgöngur þó það sé vitlaust veður.
Blotna í lappirnar en þannig bara skeður.

Viðlag: Ég er skátanörd. voO Ó Ooo Ó
Algjört skátanörd, súrra mjög hratt.
Ég er skátanörd. voO Ó Ooo Ó
Algjört skátanörd, klárlega satt.



SJÁ LAGLINU OG HLJÓMA HÉR

23

Í útilegunum ég spila oftast Kana.

Borða pastasull og ligg svo úti að tana.

Á kvöldvökum ég syng og dansa svo af krafti

En þegar nóttin kemur mig langar oní
pokann minn.

Viðlag:

Ég er skátanörd syngjandi langt fram á nótt
„hey sæta!“ komdu að dansa við mig

Viðlag:

Ég er skátanörd!
SKÁTANÖRD!!



24

Sturluð staðreynd:

Ekki er vitað hverjir þessir Danni og Krissi eru
(sem sömdu textan) en talið er að þeir séu frá eyjum.
(þús setjið fullt nafn ykkar ef þið semjið eitthvað).

Á VORMÓTI

Lag: My bonnie | Skoskt Þjóðlag
Texti: Helgi Þórir Sigurðsson & Högni Gylfason



Á Vormóti er rigning og vindur,
við ætlum að sofa hér rótt.
Ég vona að þú sért vel syndur,
Því tjöldin þau fjúka í nótt.

∴:Tjöldin, tjöldin, já tjöldin þau fjúka í nótt í
nótt!∴:

Á Vormóti Rekkarnir súrra
og Fálkarnir læra af þeim.
Svo hrópum við hip hip og húrra
og höldum næst hæstánægð heim



← Sjá LAGLINU OG HLJÖMA HÉR

:, :Höldum, höldum, höldum nú hæst ánægð heim, já
heim!:, :

Á Vormóti skátarnir syngja
og flýja svo rigningu inn.
Við skulum nú kakói kyngja,
kátínu kúturinn minn.



:, :Kátínu, kátínu, kátínu kúturinn minn, já minn:, :

Á Vormóti Dróttskátar pakka
því foreldrar sækja þau brátt.
Í mattjaldi neglurnar lakka,
og kveðjumst í sitthvora átt.

:, :Kveðjumst, kveðjumst, kveðjumst í sitthvora átt
já átt!:, :



Skáta staðreynd:

Þetta lag var samið á Vormóti Hraunbúa 2023. Hvert erindi fjallar um hvern dag. T.d er erindi 1. um fyrsta dagin sem var óveður og er erindi 4. um heimferðina

SJÁ VETUR KARL

Lag: *Sioux City Sue* | Ray Freedman
& Dick Thomas

Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Sjá, vetur karl er vikinn frá,
og vorið komið er.
Út því hugur stefnir eins og vera ber.
Og upp til fjalla oftast þá
æskan glaðvær fer,
en ellin segir bara:
Þetta er ungt og leikur sér.

Viðlag: Ef þú átt frí
út skaltu því inni' að húka í einum kút
er ekkert vit, nei farðu út.
Ef þú átt frí út skaltu, því
það eflir þig og gleður
og yngir þig á ný.



27



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR

ÚTILEGA ERFIÐ VERÐUR LÖNGUM

Lag: Norskt þjóðlag
Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Útilega erfið verður löngum,
aumingjunum þreyttum bæði og svöngum.
Engan frið þeir finna, alltaf vinna, vinna.

Yfir þessu alla tíð við höngum.

Grafa, raka, til að taka.

Útilega erfið verður löngum.

Ekki má ég einu sinni blóta

Er ég sef, þá má ég ekki hrjóta.

Ég má strita, stríða, stöðugt hlýða, hlýða.

Annars mun ég illar skammir hljóta.

Allt að passa, ekkert trassa.

Ekki má ég einu sinni blóta.

Eitur graut ég ætla nú að gera.

Til yfirmanna allra skal hann bera.

Og þeir smakka, smakka,

í sig gumsið hakka.

Allir búnir eru þeir að vera.

En þeir brosa, buxur losa.

Allir búnir eru þeir að vera.



28




SJÁ LAGLINU OG HLJÓMA HÉR

KOMDU MEÐ

Lag: *Camp Camp Song Song* | Miles Luna

Texti: *Helgi Þórir Sigurðsson*

Á kanó förum út í basl,
ofkólnum í hel og drasl,
dettum Úlfljótsvatnið í,
og syndum síðan upp á ný.
Við fáum kvef, hor og slef.



Viðlag: En samt svo gaman er.
Það eina sem ég segi er komdu með.



Við göngum hér og göngum þar,
göngum síðan allsstaðar,
hnén þau meiða, bak er þungt,
þó enn er langt í endapunkt.
Brjótum fætur, missum rætur.

:Viðlag:



sjá LAGLIÐU OG HLJÓMA HÉR



Útilegur förum í,
þó alltaf séu bara ský,
vindur kælir sérhvern mann,
og vatnið fyllir bakpokann.
Nú tjöldin fjúka, skátar rjúka



Viðlag:

Skátamótin förum á,
og jarmgerðin fer upp á tá,
súrrum fætur, dettum af,
í safarí á bólakaf.
í mörgum skrefum, týnum tefum



Viðlag:

Eftir allt fæ ég mér blund,
með þakklætis og varmaskuld,
Búinn er með merkið blátt,
í gráa klúbbinn fer svo brátt.

Mín skylaboð eru einföld:

Lífið gaman er.

Það eina sem ég segi er komdu með.



30

Skáta staðreynd:

Laglínan fyrir þetta lag kemur úr sjómvarpspáttunum Camp Camp sem er gefinn út af RosterTeeth. Þessir þættir eru parodía af Bandarísku Skátastarfi.

ÓPEKKIR SKÁTAR

Lag: Pytur í laufi | Aldís Ragnarsdóttir
Texti: Jökull Jónsson,
Dagur Sverrisson & Högni Gylfason

Ópekkir skátar eiga skilið,
að sofa úti í kulda og snjó.
Hendum þeim niður hamragilið,
í gílinu frændi minn dó.

Viðlag: Hlýðið þið foringjunum ykkar
veitið þeim virðingu og frið,
fáið þeim karamellur þykkar
og leggið þeim lið að skátasið.



31



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR



Peir fara ekki heim með hinum,
verða hér um aðra nótt,
missa af rútu og sínum vinum,
sama þótt þeir fái bólusótt.

Ganga svo langar vegalengdir,
á leið sinni heim í Reykjavík.
Óþekkir skátar verða flengdir
og sentir með póst til Mósambík.

Viðlag:



ÚT Í VERÖLD BJARTA

Lag: Lili Marlene | Norbert Schultze

Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Úti í veröld bjarta, er vorsins kall til þín.
Þú skalt ekki kvarta þegar sólin skín.
Með nestispoka á baki gakktu greitt,
þótt gerist heitt og ennið verði sveitt,
:, :Það yndi getur veitt:, :

Hjá ævintýraeldi, oft við skátatjöld,
á góðu og hlýju kveldi, gleðin hafði völd.
Minninganna ylur aldrei dvín,
til ellidags, sem stjarna skín.
:, :mörg útilegan þín.: , :



sjá LAGLINU OG HLJÖMA HÉR

Skáta staðreynd:

Það eru til allvegana 3 Íslenskir
textar við þetta lag

UPP TIL FJALLA

Lag: *Goodbye Hawaii*
Texti: *Tryggvi Þorsteinsson*

Viðlag: Upp til fjalla, ótal raddir seiða mig,
laða, kalla, líka á þig.

Lindirnar hjala í laufgaðri hlíð,
ljómandi heiðin er blómskrýdd og fríð,
heyrið þúsund fugla klið,
þyt í laufi og fossanið.

Viðlag:

Bakpokann tek ég, úr bænum ég held,
ég býst við að tjalda á heiðinni í kveld.
Við svana vatn og silungsa,
sungnið verður eldi hjá.

Viðlag:

34



SJÁ LAGLÍNUNA OG HLJÓMA HÉR

ER RÖÐULL RENNUR

Lag: Óþekkt
Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Er röðull rennur, og eldur brennur,
þá ómar söngur yfir grund.
Er röðull rennur, og eldur brennur
er allra skáta óskastund.

Bálsins glóð, bálsins glóð,
björt og tær, björt og tær,
bjarma slær, bjarma slær,
fjær og nær, fjær og nær,
boðar mér, boðar mér,
boðar þér, boðar þér,
að bróðir sérhver maður er.
Varðelds glóð, vertu bál,
veittu yl - hverri sál.
Vertu ljós þar skátinn fer.



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR

Áskorun:

Plz ef þú semur lag, skráðu
laglínuhöfund ásamt texta
höfundi :)

ENN VIÐ REISUM TJÖLD

Lag: *I'm going to leave ol' Texas now*
| Amerískt þjóðlag
Texti: Tryggvi Þorsteinsson

Enn við reisum tjöld
þegar kemur kvöld,
uppí fögrum dal,
inní fjallasal.

Þetta land er þitt,
það er hreint og bjart.
Þetta land er mitt,
það við eigum allt.

Þar sem birkið grær
upp við bergsins rót,
þar er blómafjöld,
þar er urð og grjót.

Enn við kveikjum eld
þegar kemur kveld,
uppí fögrum dal,
inní fjallasal.

Og þar suðar lind
og þar syngur á
lag um sól og vor
og um fjöllin blá.



SKAÐA LAGLINU OG HLJÓMA HÉR

A white arrow pointing to the left, positioned below the text and above the QR code.



FRAM Í HEIÐANNA RÓ

Lag: *Home on the Range* | Daniel E. Kelley
Texti: Friðrik Aðalsteinn Friðriksson

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hljóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Viðlag: *Heiðar bóli ég bý.*
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað í spyrjandi þrá:
Skildi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Viðlag:

Þetta loft er svo hreint.
Finnið þytmjúkan þey
hve hann þyrlar upp anga úr mó.
Nei, ég vildi' ekki borg-
ir né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Viðlag:



MEÐ SÓL Í HJARTA

Lag: *You are my sunshine* | Charles Mitchell
Texti: Ragnar Jóhannesson

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut.
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn
og kakó hitum og eldum graut.

Enn logar sólin á Súlnatindi,
og senn fer nóttin um dalsins kinn,
og skuggar lengjast og skátinn þreytist,
hann skríður sæll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í værðarvoðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin,
í takti, einmitt við þetta lag.



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR



Skáta staðreynd:

Það getur verið gaman að taka
ensku útgáfuna „you are my sunshine“
eftir lagið

HUGSJÓN ÞÍNA HÁA LÁTTU RÍKJA

Lag: *The last supper* | Andrew Lloyd Webber
Texti: Eðvald E. Stefánsson

Hugsjón þína háa láttu ríkja,
haltu skáti kærleiksheit og trú.
Margt var það sem áður varð að víkja,
vanda fremur það sem gerist nú.

Huga skaltu hlýtt að þínum orðum,
hlýjum texta haltu vel að mér.
Varast það sem olli deilum forðum,
góðan vinskap veittu sjálfu þér.

Þú skalt skáti bæði starfa og vaka,
vegin áfram stika - breyta rétt.
Gakktu fram og láttu til þín taka,
traustur leiddu sanna skátastétt.



40



← Sjá LAGLINU OG HLJÓMA HÉR

UNDRALAND

Lag: *Til We Meet Again* | Richard A. Whiting
Texti: Hallgrímur Sigurðsson

Undraland við Úlfljótsvatnið blátt
enginn gleymir þínum töframátt.

Inn við eyjar, út við sund
öldur hjala um æskudrauma grund.

Loftið fyllist ljúfum unaðsóm
lækir falla og léttum kveða róm.

Engum gleymir undranátt
við Úlfljótsvatnið blátt.



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR



WONDERLAND

Lag: Undraland/Til We Meet Again | Doris Day
Texti: Elín Ester Magnúsdóttir

Wonderland by Úlfljótsvatn the blue,
unforgettable by me and you.

Waves are whispering by the shore,
echoing my dreams of long before.

Streams are singing, swaying through the ground,
the air is filled with sweet and subtle sound.


Every nights a dream come true
by Úlfljótsvatn the blue.



42



SJÁ LAGLINU OG HLJÓMA HÉR




BRÆÐRALAGSSÖNGURINN

Lag: Auld lang syne | Skoskt Þjóðlag
Texti: Jón Oddgeir Jónsson

Vorn hörundslit og heimalönd
ei hamla látum því,
að bræðralag og friðarbönd
vér boðum heimi í.

::: Nú saman tökumst hönd í hönd,
og heits þess minnumst við,
að tengja saman lönd við lönd
og líf vort helga frið.:::



43



SJÁ LAGLÍNU OG HLJÓMA HÉR



5 MÍNÚTUR FORINGJANS

"We never fail when we try to do our duty, we always fail when we neglect to do it." -Lord Baden-Powell

Ef þú spyrð foringja þinn hvað hann gerði í skátastarfi, þá hugsar hann sig stutt um og veltir því fyrir sér hvers vegna þau gerðu ekki fleira. Jájá...að sjálfsögðu heyrirðu stundum skemmtilegar sögur frá foringja þínum, en ef það eru sex sögur, þá er það kannski ein kúl saga á ári. Það var þá ekkert sérlega oft sem þau þarna eldra fólkið voru að gera eitthvað spennandi.

Staðreyndin er sú, að tíminn líður. Eftir því sem þú eldist, þá máttu gera meira í skátastarfi, en fólk hættir að nenna að gera jafn skrýtna og skemmtilega hluti. Áður en þú veist af munuð flestir á þínum aldri annaðhvort hætta í skátunum, af einni eða annari ástæðu, eða enda inni á einhverjum foringja fundum allan daginn.

Satt er það að öll tækifæri sem þú tekur ekki missir þú af. Nýttu tímann á meðan þú getur. Farðu út. Gerðu eitthvað. Á fundum. Í útilegum. Á mótum. Utan skátanna. Það þarf ekki að vera flókin eða stór hugmynd. Byrjið á einhverju og þá koma fleiri skemmtilegar hugmyndir.

Það getur þó verið erfitt að byrja, að fara á fyrsta viðburðinn og tala við fyrsta skátann frá öðrum landshluta. Þröskuldurinn er stór, en þar á móti stígum við skátar með stórum skrefum. Allir vinirnir til að kynnast, hlutirnir til að læra og sögurnar til að segja einfaldlega bíða eftir þér, svo ekki hika og arkaðu á stað.

MINNISPUNKTAR OG MYNDIR

MINNISPUNKTAR OG MYNDIR

SNÚÐA UPPSKRIF

- 2KG HVEITI
- 750GR FLÖRSYKUR
- 1,5KG SMJÖRLIKI
- 10STK EGG

FLETJA ÚT OG STRÁ YFIR
440GR AF KANILSYKRI,
RÚLLA UPP, SKERA OG
BEINT Í OFNIN :)

UNDIRSKRIFTIR FRÁ NÝJUM SKÁTAVINUM

UNDIRSKRIFTIR FRÁ ERLENDUM SKÁTAVINUM

NÝIR SÖNGVAR

*Getur verið frumsamið eða jafnel bara eitthvað
kúl sem þú heyrðir á landsmóti!*



HVAÐ ER RS. SNÚÐUR?

Rs. Snúður er sameiginleg rekkasveit sem vinnur að ýmsum verkefnum. Hún byrjaði í mars 2023 þegar hópur rekka gerði „Snúða verkefnið“. Þetta verkefni var fjáröflun til styrktar Krafts. Snúða verkefnið tókst mjög vel og var ákveðið að halda áfram að hittast eftir lok þess.

